



## Umsögn fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum.

Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar er hluti af Sýn hf. Hún miðlar fréttum og fréttatengdu efni inn á miðla fyrirtækisins. Með þessari umsögn er tekin afstaða til frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.). Í umsögninni skoðar fréttastofa einkum ákvæði sem lúta að samtímaendursögn af skýrslutökum.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er á ýmsan hátt stuðlað að því að þrengja, draga úr og tefja umfjöllun fjölmiðla um dómsmál. Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar varar við þessari fyrirhuguðu breytingu og hvetur til þess að farið verið í þveröfuga átt og reglur miklu fremur rýmkaðar til þess að hvetja til umfjöllunar um dómsmál og réttarfar almennt.

Mikilvægt er að virða til hins ítrasta regluna um opin réttarhöld, sem er ein af meginreglum réttarfars í lýðræðisríkjum. Í íslenskum lögum er þessi regla orðuð þannig að þinghöld skulu háð í *heyrandu hljóði* (sbr. 8gr. um meðferð einkamála). Að baki þessari reglu er sú hugsun að almenningur eigi rétt á að vita um það sem fram fer í dómssal nema með skýrt afmörkuðum og rökstuddum undantekningum.

Fjölmiðlar eru með fréttáflutningi sínum fulltrúi almennings í dómssal. Með takmörkunum á fréttáflutningi er verið að setja hömlur á upplýsingagjöf til almennings. Það stríðir gegn meginreglunni um opin réttarhöld. Viðurkennt er að skortur á upplýsingagjöf um það sem fram fer í dómssal grefur undan trausti á dómstólunum, sem þeir mega síst við.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Lögmannafélag Íslands hafi gert þá athugasemd við fyrri útgáfu frumvarpsins, þegar það var í samráðsferli og gekk lengra en það gerir nú, að bann við samtímaendursögn gengi nærri reglunni um opinbera málsmeðferð. Nægilegt væri að slíkt bann takmarkaðist við skýrslutökur. Í þeirri útgáfu sem hér er lögð fram er bannað takmarkað við skýrslutökur. Jafnframt segir í greinargerðinni að ákvæðinu sé ætlað að tryggja að framburður vitnis mengi ekki framburð annars vitnis og geti þannig haft áhrif á dómsniðurstöðu.

Að mati fréttastofu er breytingin sem gerð var vegna athugasemdar Lögmannafélagsins lítt til bóta. Bann við samtímaendursögn af skýrslutökum gengur samt sem áður gegn meginreglunni um opið réttarhald. Í þessu efni á meginreglan að vega þyngra en möguleikinn á vitnisburður eins vitnis kunnir að hafa áhrif á framburð annars vitnis. Í slíkum tilvikum er í öllu falli hægt að beita vægari og jafnframt tryggari leiðum til að koma í veg fyrir slíka „mengun.“ Að auki er hægt að ná sömu markmiðum með því að dómari geti bannað samtímaendursögn ef sérstök þörf er talin á því. Fréttastofan leggst því alfarið gegn þessu ákvæði.





Í breskum dómsölum eru sérstök sæti fyrir fréttamenn og starfsfólk réttarins hefur skrifaðar leiðbeiningar, sem samdar voru í samvinnu við fréttamenn, um samskipti við fjölmiðla. Í þeim leiðbeiningum er tekið sérstaklega fram að fréttamenn geti notað nettengdar tölvur við vinnu sína í dómssal, verið tengdir við samfélagsmiðla og skrifað beinar textalýsingar nema dómari banni það sérstaklega.

Nærtækara væri að skoða leiðir til að opna dómstólana miklu meira fyrir almenningi. Samkvæmt núgildandi lögum er bannað að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi en dómara veitt leyfi til að gera undanþágu frá því. Betur færi á því, við breytingar á lögnum, að leyfa myndatökur, og þess vegna hljóðupptökur, nema dómari banni þær sérstaklega.

Fréttastofa varar við þeirri viðleitni, sem birtist í frumvarpinu, til þess að loka dómstólum frekar fyrir almenningi með því að tefja eða hindra frétttaflutning. Það er ekki almenningi til hagsbóta, grefur undan meginreglunni um opið réttarhald og ýtir undir vantraust á réttarkerfinu.

Reykjavík, 3. maí, 2019

Þórir Guðmundsson  
ritstjóri